

Áveitan

9. tbl. 9. árgangur. September 2015

Flóamót 2015

Flóamótið verður haldið föstudaginn 4. september n.k. á íþróttavellinum við Þjósárver kl. 14:00, strax eftir skóla.

Mótið er fyrir alla krakka í Flóaskóla og er keppt í eftirfarandi greinum og flokkum:

- 1.– 4. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp og 400 m hlaup
- 5.– 7. bekkur: 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp og 400 m hlaup
- 8.– 10. bekkur: 100 m hlaup, langstökk, kúluvarp og 800 m hlaup

Skráning verður á staðnum. Í mótslok verður boðið upp á grillaðar pylsur og allir keppendur fá viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Foreldrar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta og halda uppi góðri stemmningu meðal áhorfenda. Ef einhverjir sjá sér fært að vera starfsmenn þá er það vel þegið. Sérstaklega er mikilvægt að foreldrar barna í yngsta keppnisflokknum komi og aðstoði börn sín í keppni. Áætluð mótslok eru um klukkan 16:00.

Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason Stefán Geirsson

Fanney Ólafsdóttir

ballroq@hotmail.com

stegeir@hotmail.com

fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Skólastarf er nú að hefjast í leik- grunn- og framhaldsskólum. Í Krakkaborg tekur til starfa nýr leikskólastjóri, 1. september. Hún heitir Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir og bjóðum við hana innilega velkomna. Um leið eru Hallfríði Aðalsteinsdóttur og Freyju Baldursdóttur færar þakkir fyrir að bregðast vel við beiðni um að hlaupa í skarðið og sinna störfum leikskólastjóra í ágústmánuði á meðan á ráðningarferli stóð.

Sumarið er senn á enda og má segja að þau markmið sem við settum okkur um framkvæmdir við skólana okkar hafi náðst nokkuð vel.

Leikskólalóðin hefur verið hellulögð og girðing komin upp framan við aðalandyri og Lóudeild. Fyrirtæki Jóhanns Helga og co í Vatnsholti sá um framkvæmdir í samráði við starfsfólk leikskóla og sveitarfélags og er allur frágangur til fyrirmyndar.

Skipulagsbreytingar hafa orðið innanhúss í Flóaskóla, hefur m.a. aðstaða elstu nemenda verið endurskipulögð og mætti unglingunum hlýlegt umhverfi þegar þau komu til starfa. Í Þjórsárveri þar sem mötuneyti Flóaskóla er til húsa, standa framkvæmdir ennþá yfir. Þakviðgerðir eru á lokastigi en frágangur innahúss er á dagskrá septembermánaðar.

Heyskapur er langt kominn og grænmetisbændur farnir að taka upp. Ferðaþjónsustuaðilar á svæðinu eru ánægðir með afkomuna það sem af er árinu og hafa fengið sinn skerf af fjölgun ferðamanna á landinu.

Vegagerðin hefur skipulagt viðhaldsverkefni á svæðinu, næstu vikurnar. Malarvegir verða heflaðir og gert er ráð fyrir að því verði lokið fyrir miðjan september. Einnig er í undirbúningi að styrkja og bera malarslitlag í Vorsabæjarveg, Ölvisholtsveg, Langholtsveg og Hrauntúnsveg.

Smalamennskur og fjárrag er framundan. Þá uppskera sauðfjárbændur eftir árið og aðrir einnig með þátttöku í réttarstörfum. Fjárleitir, réttir, menning og samvera þeim tengd er jú eitt helsta einkenni haustsins og sá hluti af árstíðabundnu verkefnunum okkar sem allir hlakka til. Fé af Flóamannaafrétti verður réttað í Reykjaréttum laugardaginn 12.

september og hefjast réttarstörf klukkan 9:00.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna heldur merki Flóamanna vel á lofti með skipulagningu hátíða í sveitarfélaginu. Í byrjun sumars stóð Rekstrarstjórnin fyrir myndarlegri sveitahátíð „Fjöri í Flóa“ og framundan er „Tónahátíð félagsheimilanna í Flóanum“. Heyrst hefur að á leiðinni til okkar séu ekki ómerkari listamenn en „*Hundur í óskilum, Heiðmar Ingi, Guðrún Gunnarsdóttir, Jogvan Hansen og Sigga Beinteins*“. Bendi ég ykkur á að taka frá dagana 10. október, 24. október og 6. nóvember og taka vel á móti þeim með góðri mætingu. Dagskrá Tónahátíðar verður nánar auglýst síðarþ

Minnt er á að greiðslukvittanir þurfa að fylgja umsóknumum hvatastyrki en umsóknarfrestur rennur út 1. desember.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Skólaliði. Starfshlutfall 100%

Starfssvið:

Starfar með nemendum í leik og starfi utan og innan kennslustofu
Annast gangavörslu og sinnir frímínútnagæslu
Starfar við lengda viðveru (frístund)
Sér um ræstingu

Hæfniskröfur:

Áhugi og reynsla á að vinna með börnum kostur
Reynsla við ræstingarstörf kostur
Hreint sakavottorð skilyrði

Staðan er laus nú þegar og ráðið er í stöðuna strax. Nánari upplýsingar gefur Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, sími 486-3460. Umsókn skal senda á netfangið annagreta@floaskoli.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags opinberra starfsmanna á suðurlandi.

Auglýsing

Tilboð óskast í bárujárn ca 300m. Eitthvað ryð í hábáru og getur mögulega nýst sem klæðning innanhúss. Járnið afhendist í Þjórsárveri. Uppl í s. 8982554

Frjálsíþróttافرéttir

Einn keppandi úr Þjótanda keppti með liði HSK/Selfoss á meistaramóti 15-22 ára sem fram fór á Sauðárkróki dagana 15.-16. ágúst. Liðinu gekk mjög vel á mótinu og náði þar fjórða sæti stigakeppninnar. Stefán Narfi Bjarnason var okkar fulltrúi á mótinu og landaði einum Íslandsmeistaratitli. Hér er árangurinn hans:

100m hlaup	13,23sek	10.sæti	
100m grind	17,58sek	6. sæti	
Langstökk	5,08m	6.sæti	Pb
Kúluvarp (4kg)	11,74m	2. sæti	
Kringlukast (1kg)	35,26m	2. sæti	
Sleggjukast (4kg)	30,90m	1. sæti	
Spjótkast (600gr)	36,85m	7.sæti	Pb

Kristinn Þór Kristinsson, hlauparinn okkar frábæri tók þátt á Copenhagen Athletic Games þann 5. ágúst síðastliðinn. Hann náði þar að bæta sinn besta árangur í 800m hlaupi en hann hljóp á tímanum 1:50,38mín. Frábær árangur hjá Kristni á þessu flotta móti.

Þá er utanhústímabilinu í frjálsíþróttum að ljúka og aðeins eitt mót eftir í sumar auk Flóamótsins. Það er Kastþraut Óla Guðmunds sem fer fram á Selfossvelli föstudaginn 4. september kl 17:00. Það er skemmtilegt mót þar sem keppt er í fullorðinsflokki í öllum kastgreinunum. Skráning er á staðnum og allir velkomnir. Upplagt fyrir kastara að mæta á mótið og bæta sig í sínum greinum.

Búnaðarfélag Villingaholtshrepps festi kaup á loftunarplóg í vor. Hann hentar vel bæði í garða og tún. Bændur á svæðinu eru hvattir til að prufa tækið nú í haust. Plógurinn er staðsettur á Hurðarbaki, upplýsingar í síma 898-0929.

Frá Hraungerðiskirkju, Laugardælakirkju og Villingaholtskirkju

Sóknarnefndir kirknanna héldu fund þann 13. ágúst s.l. ásamt nýju prestunum okkar og voru þær boðnar hjartanlega velkomnar til starfa hjá okkur. Tilefni fundarins var vetrarstarf kirknanna.

Sr. Guðbjörg Arnardóttir er sóknarprestur okkar og sr. Ninna Sif Svavarsdóttir er prestur.

Sr. Guðbjörg er með netfangið:

guðbjorg.arnardottir@kirkjan.is, símar: 482 2275 og 865 4444.

Sr. Ninna Sif er með netfangið: ninnasif@gmail.com, símar 482 2375 og 849 1321.

Viðtalstímar prestanna í Selfosskirkju eru fyrir hádegi frá þriðjudögum til föstudaga.

Fermingarfræðsla hófst í Selfosskirkju í ágúst og verður fram haldið 1x í mánuði yfir veturinn.

Vetrarstarfið hefst **sunnudaginn 13. september með fjölskyldumessu í Selfosskirkju kl. 11.00, eftir messuna verður kynning á vetrarstarfinu í safnaðarheimilinu. Messað er í Selfosskirkju alla sunnudaga kl. 11.00 og sunnudagaskóli er á sama tíma.**

Búið er að ráða æskulýðsfulltrúa við Selfosskirkju, Jóhönnu Ýr Jóhannsdóttur og mun hún koma til starfa á haustdögum. Æskulýðsstarf er á þriðjudagskvöldum kl. 19.30 til 21.30. Mömmumorgnar/foreldrasamvera er á miðvikudögum frá 10.30-12.00.

Ákveðið var á þessum fundi að messað verður í Hraungerðis og Villingaholtskirkjum annan sunnudag í mánuði, þannig að **11. október verður messað í Villingaholtskirkju kl. 13.30, og 8. nóvember verður messað í Hraungerðiskirkju kl. 13.30.**

Kirkjustarfið í Selfosskirkju er fyrir okkur öll, og hvetjum við ykkur til að taka þátt í starfinu þar, messum, barnastarfinu, unglिंगastarfinu, kórastarfinu og öllu öðru starfi.

Við vonumst til að sjá ykkur við helgihald vetrarins.

f.h. sóknarnefndanna og prestanna,
Sólveig Þórðardóttir
Form. sóknarnefndar Villingaholtssóknar

Pistillinn

Það er gott að búa í Flóanum

Sælir ágætu sveitungar og aðrir pistlalesendur.

Ég áttaði mig fyrst almennilega á því hvað það er gott að búa í Flóanum þegar ég fór þaðan í örfá ár og bjó á Selfossi . Flótlega var ég orðinn íbúi á þriðju hæð í blokk þar sem bjó hið mesta sómafólk á öllum hæðum . En fyrir dreifbýlismann sem ekki var vanur svona miklu nábyli var svolítið skrítið að óbeint taka þátt í öllum daglegum athöfnum nággranna sinna t.d að heyra allan umgang hvort sem farið var á klósett, í sturtu, sett í þvottavélina eða hvað annað sem fólk gerir heima hjá sér. Vikan sem gamla konan á annarri hæð fór að heiman gleymist seint þar sem útvarpið var að sjálfsögðu hátt stillt á gömlu gufuna eins og venjulega en bara enginn heima til að slökkva á því á kvöldin þessa vikuna. Það kom mér líka í opna skjöldu hve umferðarhávaði barst auðveldlega upp á þriðju hæð en þar tók steininn úr þegar unglingsvinna bæjarins fór af stað um svipað leyti sumars og ég var að byrja í sumarfríi. Selfossbær átti á þessum árum dýrindis Zetor dráttarvél og stóran sturtuvagns hlunk aftaní. Þetta æki skrölti á hverjum virkum morgni milli 6 og 7 lestað með c.a 30 járnhjólbörur innanborðs yfir hraðahindrun beint fyrir neðan svefnherbergisgluggann hjá okkur með tilheyrandi hávaða og skrölti. Maður vaknaði standandi fyrstu vikuna og þetta vandist aldrei.

Úr blokkinni fluttum við í einbýlishús í einu ef miðaldrahverfum bæjarins og hlakkaði sveitamaðinn mikið til að geta nú sofið út í sumafríum framtíðarinnar. En Adam var ekki lengi í paradís, húsið var hornhús við götu sem reyndist ótrúleg umferðargata, sérstaklega á nóttunni. Ég var farinn að halda að annar hver maður í hverfinu væri bakari og færi þess vegna svona snemma á stað, seinna komst ég að því að megnið af bílunum var á leið að nýopnaðri líkamsræktarstöð í næsta nágrenni sem opnaði kl 6 á morgnana. Vonandi hefur fólkið náð þeim árangri með tímanum að það treysti sér gangandi eða hjólandi þessa 300 metra sem voru að líkamsræktarsalnum.

Annars var gott að búa á Selfossi nággrannar tóku sér að sjálfsögðu tíma í að lesa aðkomufólkið og urðu reyndar á tímabili aðeins óttaslegnir þegar 6 bíla innkeyrslan hjá nýbúunum var ekki nógu stór og kominn traktor í garðinn vegna þrengsla í innkeyrslunni. Það hvarflaði víst að sumum að götumyndin væri að breytast í búgarðabyggð en svo hvarf traktorinn og eitthvað af bílum og nágrönnum létti.

En ég fór ekki erindisleysu á Selfoss en þar hitti ég Sólveigu mína og börnin hennar tvö og sem betur fer lá svo leiðin aftur í Flóann góða þar sem hver býr með sínu nefi og nýtur þess sem hann vill njóta lítt truflaður af umferð og argaþrasi þéttbýlisins, útsýnið endalaust, gróðuræld mikil og öll þjónusta sem

fólk þarf á að halda og telst til nútíma lífsgæða innan seilingar.

Já Flóann þar sem er svo gott að búa, góðir nágrannar og allt hefur verið á uppleið allt frá 1918 þegar forfeður okkar Flóamanna stofnuðu Flóaáveitufélagið og Mjólkurbú Flóamanna 9 árum seinna sem nauðsynlegt framhald af áveitu-framkvæmdinni til að hægt væri að auka framleiðslu á svæðinu og bæta þar með hag íbúa.

Á þessum nærri 100 árum hefur margt breyst og mörgum góðum hlutum verið komið í framkvæmd og megi sú þróun halda áfram okkur sem hér búum til góðs. Að endingu vill ég skora á sveitarstjórn okkar hana Eydísi að skrifa næsta pistil.

*Kveðja góð
Arni Eiríksson
Skúfslæk 2*

Kornbændur athugið

Flóakorn ehf. býður upp á kornslátt og völsun eins og undanfarin ár. Félagið hefur yfir að ráða öflugri þreskivél af gerðinni Sampo og Murska kornvals. Bændur eru hvattir til að pantast tímanlega. Stjórn Flóakorns tekur við pöntunum en hana skipa:

Höskuldur Stóra Ármóti, sími: 8974766.
Stefán Gerðum, sími: 8676907.
Helgi Súluholti, sími: 8929872

Samhygðar og Vökumót 2015, úrslit

100 m hlaup kvenna

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	15,0 sek
2. Iðunn Freyja Magnúsdóttir	Samhygð	15,7 sek
3.-4. Unnur Bjarkadóttir	Vöku	15,8 sek
3.-4. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	15,8 sek
5. Linda Jasonardóttir	Samhygð	16,9 sek
6. Áslaug Ívarsdóttir	Samhygð	18,5 sek
7. Ingibjörg Gísladóttir	Samhygð	20,9 sek

100 m hlaup karla

1. Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	12,0 sek
2.-3. Örvar Rafn Hlíðdal	Vöku	12,9 sek
2.-3. Matthías Pálmason	Samhygð	12,9 sek
4. Magnús Mátsson	Samhygð	13,2 sek
5.-6. Dagur Fannar Einarsson	Vöku	13,3 sek
5.-6. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	13,3 sek
7. Alexander Mátsson	Samhygð	13,7 sek
8. Benedikt Rafnsson	Samhygð	14,6 sek
9. Daði Kolviður Einarsson	Vöku	15,8 sek
10. Unnsteinn Reynisson	Vöku	16,4 sek
11. Sigurjón Reynisson	Vöku	16,7 sek
12. Hjalti Geir Jónsson	Vöku	17,4 sek
13. Markús Ívarsson	Samhygð	19,5 sek
14. Ísak Dagur Guðmundsson	Samhygð	20,8 sek
Gestur: Bjarni Már Ólafsson		12,0 sek

Hástökk karla

1. Örvar Rafn Hlíðdal	Vöku	1,60 m
2. Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	1,50 m
3. Alexander Mátsson	Samhygð	1,50 m
4. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	1,50 m
5. Trausti Már Svavarsson	Samhygð	1,35 m
6. Dagur Fannar Einarsson	Vöku	1,35 m
7. Benedikt Rafnsson	Samhygð	1,30 m
8. Matthías Pálmason	Samhygð	1,30 m
9. Unnsteinn Reynisson	Vöku	1,10 m
Gestur: Bjarni Már Ólafsson		1,70 m

Hástökk kvenna

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	1,35 m
2.-4. Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	1,10 m
2.-4. Hulda Kristjánsdóttir	Vöku	1,10 m
2.-4. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	1,10 m
5.-7. Unnur Bjarkadóttir	Vöku	1,05 m
5.-7. Erla Björg Aðalsteinsdóttir	Vöku	1,05 m
5.-7. Iðunn Freyja Magnúsdóttir	Samhygð	1,05 m
8. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	1,05 m

Spjótkast kvenna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	26,02 m
2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	24,17 m
3. Hulda Kristjánsdóttir	Vöku	23,49 m
4. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	21,88 m
5. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	19,72 m
6. Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Vöku	16,44 m
7. Erla Björg Aðalsteinsdóttir	Vöku	15,94 m
8. Linda Jasonardóttir	Samhygð	8,25 m

Langstökk karla

1. Örvar Rafn Hlíðdal	Vöku	5,62 m
2. Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	5,37 m
3. Sigurður Ástgeirsson	Vöku	5,25 m
4. Magnús Mátsson	Samhygð	4,87 m
5. Matthías Pálmason	Samhygð	4,57 m
6. Benedikt Rafnsson	Samhygð	4,41 m
7. Trausti Már Svavarsson	Samhygð	4,31 m
8. Dagur Fannar Einarsson	Vöku	4,22 m
9. Alexander Mátsson	Samhygð	3,99 m
10. Sigurjón Reynisson	Vöku	3,51 m
11. Daði Kolviður Einarsson	Vöku	3,45 m
12. Unnsteinn Reynisson	Vöku	3,35 m
13. Hjalti Geir Jónsson	Vöku	3,23 m
Gestur: Bjarni Már Ólafsson		6,07 m

800 m hlaup kvenna

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	3:12,8 mín
2. Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	3:41,2 mín

3.	Hulda Kristjánsdóttir	Vöku	3:51,9 mín
4.	Unnur Bjarkadóttir	Vöku	3:52,2 mín
5.	Linda Jasonardóttir	Samhygð	3:53,3 mín
6.	Áslaug Ívarsdóttir	Samhygð	3:55,2 mín
7.	Margrét Ívarsdóttir	Samhygð	4:38,2 mín

Langstökk kvenna

1.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	4,29 m
2.	Hulda Kristjánsdóttir	Vöku	4,28 m
3.	Unnur Bjarkadóttir	Vöku	3,84 m
4.	Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	3,68 m
5.	Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	3,43 m
6.	Linda Jasonardóttir	Samhygð	3,27 m
7.	Margrét Ívarsdóttir	Samhygð	3,03 m

800 m hlaup karla

1.	Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	2:07,4 mín
2.	Matthías Pálmason	Samhygð	2:28,8 mín
3.	Dagur Fannar Einarsson	Vöku	2:39,7 mín
4.	Alexander Mátsson	Samhygð	2:43,7 mín
5.	Örvar Rafn Hlíðdal	Vöku	3:00,7 mín
6.	Benedikt Rafnsson	Samhygð	3:01,8 mín
7.	Trausti Már Svavarsson	Samhygð	3:06,7 mín
8.	Daði Kolviður Einarsson	Vöku	3:16,1 mín
9.	Sigurjón Reynisson	Vöku	3:44,4 mín
10.	Unnsteinn Reynisson	Vöku	3:46,7 mín
11.	Hjalti Geir Jónsson	Vöku	4:10,7 mín

Kringlukast karla

1.	Stefán Geirsson	Samhygð	32,18 m
2.	Einar H. Haraldsson	Vöku	27,14 m
3.	Örvar Rafn Hlíðdal	Vöku	25,21 m
4.	Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	21,22 m
5.	Jason Ívarsson	Samhygð	19,76 m
6.	Trausti Már Svavarsson	Samhygð	18,97 m
7.	Bjarki Reynisson	Vöku	17,06 m
8.	Alexander Mátsson	Samhygð	15,75 m
9.	Jón M. Ívarsson	Samhygð	14,00 m
10.	Matthías Pálmason	Samhygð	12,97 m
11.	Markús Ívarsson	Samhygð	11,53 m
Gestur:	Bjarni Már Ólafsson		24,41 m

Kúluvarp kvenna

1.	Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Vöku	8,79 m
2.	Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	8,62 m
3.	Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	8,13 m
4.	Hulda Kristjánsdóttir	Vöku	8,00 m
5.	Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	7,79 m
6.	Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	7,06 m
7.	Margrét Ívarsdóttir	Samhygð	6,23 m
8.	Guðrún Inga Helgadóttir	Vöku	6,12 m
9.	Erla Björg Aðalsteinsdóttir	Vöku	5,55 m
10.	Iðunn Freyja Magnúsdóttir	Samhygð	5,49 m
11.	Helga Ívarsdóttir	Samhygð	5,34 m
12.	Áslaug Ívarsdóttir	Samhygð	5,22 m

Kúluvarp karla

1.	Stefán Geirsson	Samhygð	11,46 m
2.	Magnús Másson	Samhygð	10,51 m
3.	Örvar Rafn Hlíðdal	Vöku	10,35 m
4.	Trausti Már Svavarsson	Samhygð	10,26 m
5.	Sigurður Ástgeirsson	Vöku	9,80 m
6.	Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	9,36 m
7.	Einar H. Haraldsson	Vöku	9,36m
8.	Jason Ívarsson	Samhygð	7,68 m
9.	Matthías Pálmason	Samhygð	6,55 m
10.	Jón M. Ívarsson	Samhygð	6,04 m
Gestur:	Bjarni Már Ólafsson		10,71 m

Bestu afrek kvenna

Ingunn Harpa Bjarkadóttir	100 m hlaup	15,0 sek	593 stig
Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Langstökk	4,29 m	574 stig
Hulda Kristjánsdóttir	Langstökk	4,28 m	572 stig

Bestu afrek karla

Örvar Rafn Hlíðdal	Langstökk	5,62 m	633 stig
Stefán Geirsson	Kúluvarp	11,46 m	608 stig
Kristinn Þór Kristinsson	100 m hlaup	12,0 sek	590 stig

Stigahæstu konur

Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vöku	34 stig
Hulda Kristjánsdóttir	Vöku	20 stig
Guðmunda Ólafsdóttir	Vöku	19,5 stig

Stigahæstu karlar

Örvar Rafn Hlíðdal	Vöku	26,5 stig
Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	26 stig
Stefán Geirsson	Samhygð	12 stig

Umf. Samhygð átti 14 keppendur til stiga en Umf. Vaka 11.

Í stigakeppni félaga sigraði Umf. Vaka með 153,5 stig gegn 98,5 stigum Samhygðar.

Skjaldarhafi mótsins var Ingunn Harpa Bjarkadóttir Vöku.

Fréttir af sameiningarmálum ungmennafélaganna

Sameiningarnefnd ungmennafélaganna hefur tekið aftur til starfa eftir sumarfrí og fyrsti fundur haustsins var haldinn mánudaginn 24. ágúst. Á fundinum voru samin lög fyrir félagið auk þess sem farið var yfir þær tillögur sem bárust að nafni á félagið. Farið verður í endanlega úrvinnslu tillagnanna í september og nafn nýja félagsins ætti að liggja fyrir um næstu mánaðarmót. Stefnt er að stofnfundi nýs félags um miðjan nóvember. Svo sannarlega spennandi tímar framundan.

Nefndin

Ágætu kvenfélagskonur í Hraungerðishreppi!

Nú líður að haustferðinni okkar 2. – 4. október í Borgarnes. Eins og venja er sér skemmtinefnd um matarinnkaup en þær sem eru með sérþarfir þurfa að hugsa fyrir því. Eins kemur hver með sín drykkjarföng. Sameinast þarf í bíla og gott væri að heyra í þeim sem geta lagt til bíla. Dagskrá helgarinnar verður kynnt á staðnum og skemmtilegar hugmyndir eru vel þegnar.

Pantanir berist til:

Magga – 4821180 og 6977212

Elsa – 6992749

Pantanir þurfa að berast fyrir 20. september.

Kveðja, skemmtinefndin

Haustball í Félagslundi

Haustballið árlega verður haldið laugardagskvöldið 3. október í Félagslundi. Jón Skeiðungur Bjarnason mun halda uppi stuðinu að vanda. Húsið opnar kl. 22:00 og er miðaverð 2.500 kr. Vonumst til að sjá sem flesta.

Nefndin og Umf. Samhygð

Frá Fjarræktarfélagi Villingaholtshrepps

Félagið hefur fengið úthlutað dögum fyrir lambadóma í haust. Dagarnir sem um ræðir eru 29. september og 7. október. Þeir sem vilja láta skoða lömb sín þessa daga eru beðnir að láta vita af sér til Reynis í síma 898-0929 sem allra fyrst svo hægt sé að skipuleggja vinnuna sem best.

Stjórnin

Leiðtogaskóli NSU

Dagana 10.-15. ágúst síðastliðin var Leiðtogaskóli NSU haldinn í Noregi. UMFÍ átti nokkur pláss á námskeiðinu og undirrituð fór á námskeiðið fyrir hönd UMFÍ ásamt tveimur öðrum Íslendingum. Með okkur á námskeiðinu voru 23 ungmenni á aldrinum 16-26 ára frá Danmörku, Eistlandi, Þýskalandi, Noregi og Rússlandi. Námskeiðið var skipulagt af 4H í Sogn og Fjordana og fór fram í heimahéraði félagsins sem er staðsett norðan við Björgvin. 4H eru samtök sem eru sambærileg íslenskum ungmennafélögum að mörgu leiti og það var gaman að kynna þeirra störfum sem og störfum félaganna sem hinir þátttakendurnir komu frá.

Íslenski hópurinn flaug út á sunnudagsmorgni og fékk sólarhring til að skoða sig um í Björgvin. Mánudagurinn fór að mestu í ferðalög þar sem það tók sex tíma rútukeyrslu að komast á áfangastað í Sogn og Fjordana. Á þriðjudeginum hófst hið eiginlega námskeið en skipulagið var þannig að fyrir hádegi voru haldnir fyrirlestrar en eftir hádegi var stunduð útivist. Í námskeiðishlutanum var fjallað um ýmislegt eins og t.d. hvernig á að vera góður leiðtogi, hvernig á að markaðssetja félagið sitt og hvernig á að halda góðar kynningar. Í útivistarhlutanum fórum við í gönguferðir um svæðið með leiðsögn, prófuðum klettaklifur, gengum upp að Jostedalsbreen sem er stærsti jökull meginlandsins og fleira. Þessa daga hittum við einnig féлага úr 4H klúbbum á svæðinu og skoðuðum aðeins starfið hjá þeim. Á kvöldin var reynt að hrista hópinn saman auk þess sem hvert land átti að elda mat frá sínu landi yfir opnum eldi. Að sjálfsgöðu valdi íslenski hópurinn að elda kjötsúpu en það var mjög óvenjulegt að sjá hana malla yfir opnum eldi í norsku skóglendi. Síðasta dag námskeiðsins var farið á dvalarstaðinn Norsk Kystleir sem er staðsettur á eyjunni Kroakpollen. Þar var ýmislegt gert sem tengist sjónum s.s. veitt, róið á kanó og siglt á seglskútu. Dvölin á eyjunni var frábær endir á góðri viku en á laugardeginum var vaknað kl 4:00 um nóttina til þess að ferðast aftur til Björgvinar og ná flugi heim til Íslands.

Námskeiðið og vikan öll var mjög vel heppnuð þó svo að þátttakendur hafi flestir verið sammála um það að námskeiðishlutinn hefði mátt fara aðeins dýpra í efnið, enda flestir þátttakendur nú þegar með mikla stjórnunarreynslu í sínum félögum. Útivistarhlutinn var ógleymanlegur og Noregur sýndi okkur sínar fegurstu hliðar. Það sem stendur þó uppúr er að kynna ungu fólki frá mismunandi löndum sem öll hafa þann drifkraft sem þarf til þess að leiða sjálfboda starf og mikinn metnað fyrir sínu starfi. Að heyra frá þeirra starfi gaf mér margar góðar hugmyndir fyrir okkar starf hér heima. Stór bónus var einnig að fá að æfa sig í að tala ensku og önnur erlend tungumál allan tímann en undirrituð þótti til dæmis hafa óvenju góðan rússneskan framburð. Þessi ferð var mér bæði til gagns og gamans og ég vil hvetja alla sem hafa tækifæri til að sækja

námskeið sem þessi og kynnast starfsemi annarra félaga í öðrum löndum. UMFÍ bíður uppá mörg tækifæri á ári hverju til þess að fara á námskeið, sem og hinar sí vinsælu ungmennavikur og því er um að gera að grípa tækifærið og víkka sjóndeildarhringinn með ferð sem þessari.

Guðmunda Ólafsdóttir

Tónahátíð 2015

Þrír viðburðir verða á dagskrá Tónahátíðar í Flóahreppi 2015. Þann 10. október stígur söngdúettinn að norðan, Hundur í óskilum, á svið í Þingborg með gamansama skemmtidagskrá að sínum hætti. Söngkvöld Inga Heiðmars og félaga verður á sínum stað á fyrsta vetrardag 24. október í Þjórsárveri. Lokviðburður tónahátíðar þetta árið verða síðan tónleikar þríeykisins Guðrúnar Gunnarsdóttir, Jógvans Hansen og Siggú Beinteins ásamt undirleikara í Félagslundi 6. nóvember. Látið þessa viðburði ekki fram hjá ykkur fara.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna

Íþróttæfingar veturinn 2015-2016

Nú eru íþróttæfingar ungmennafélaganna að hefjast. Örvar Rafn Hlíðdal hefur verið ráðinn þjálfari í vetur og verða æfingar fyrir allan aldur á miðvikudögum. 1.-4 bekkur æfir strax eftir hádegi á skólatíma, 5.-7. bekkur æfir kl. 14:30-15:30 í Þingborg og 8.-10. bekkur æfir kl 15:30-17:00. Skák- og glímuæfingar munu svo líklega hefjast með haustinu og verða auglýstar þegar tímasetningar skýrast.

Ungmennafélögin

Ferð eldri borgara í Flóahreppi

Ferð eldri borgara í Flóahreppi verður farin mánudaginn 7. september. Farið verður með rútu frá Guðmundi Tyrfingssyni frá Félagslundi kl. 12:30, Þjórsárveri kl. 12:45 og Þingborg kl. 13:00. Ekið um Ölfus og Hveragerði og drukkið kaffi þar. Ferðin er í boði kvenfélaganna þriggja í Flóahreppi. Þátttaka tilkynnist í síðasta lagi sunnudaginn 6. september til:

Margrétar Gerðum s: 486-3393, 864-1908.

Eydísar Kolsholti s: 486-3324, 695-9223

Margrétar Kristinsdóttur s: 482-1086, 865-7072.

Nefndin

Dagskrá mánaðarins

Flóamótið	4. september
Ferð eldri borgara	7. september
Æfingar í Þingborg	9. september
Skeiðaréttir	12. september
Æfingar í Þingborg	16. september
Æfingar í Þingborg	23. september
Lambadómar í Villingaholtshreppi	29. september
Æfingar í Þingborg	30. september
Hautball í Félagslundi	3. október
Hundur í óskilum í Þingborg	10. október



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160